Fundur Ungmennaráðs Hafnarfjarðar

83.fundur. haldinn í Húsinu. Staðarbergi 6. þriðjudaginn 31. mars 2015. kl 13:00,

Fundinn sátu: Þórdís Dröfn Andrésdóttir, , Bjarki Steinn Viðarsson, Eva Rut Reynisdóttir, Veiga Dís Hansdóttir, Sveinn Ísak Kristinsson og Ingólfur Grétarsson (starfsmaður Ungmennaráðs)

Afboðuðu: Ína Kathinka Grönvold Steinþórsdóttir, Lára Rós Friðriksdóttir. Yngvi Freyr Óskarsson.

Fundargerð ritaði: Valgerður Bláklukka Fjölnisdóttir Starfsmaður ráðsins.

1.Fundarstjóri

Samþykkt að Sveinn Ísak Kristinsson stýri næsta fundi sem verður 14.apríl 2015 klukkan 20.

2.Fundartími

Ákveðið var að næsti fundur yrði haldin þann 14. apríl klukkan 20

3. Málaefnaflokkar á ungmennaþingi.

Fulltrúar skiptu milli sín verkum og málaflokkum fyrir þingið og undirbjuggu málaflokka og áherslur fyrir þingið 13. Apríl. Dagsetning síðasta undirbúningsfundur verður ákveðin síðar

4. Gestir og fundarstjórn ungmennaþings.

Fyrirkomulag þingsins ákveðið. Ákveðið var að bjóða bæjarfulltrúa og bæjarstjóra á þingið og að Veiga Dís Hansdóttir stjórni þinginu sem haldið verður í Lækjarskóla klukkan 17 þann 13. Apríl.

5.Ungt fólk og lýðræði

Veiga og Sveinn sögðu frá ráðstefnunni „ungt fólk og lýðræði" sem þau sóttu fyrir hönd ráðsins á Stykkishólmi dagana 25-27. mars.

6.Snjómokstur

Snjómokstur hefur verið með verra móti í vetur en síðastliðin ár. Það gerir ungum sem öldnum vegfarendum erfiðara að komast leiðar sinnar. Þá eru það oft aðeins stofnbrautir sem eru ruddar en ekki leiðir að skólum og leikskólum. Fulltrúar ráðsins vilja líta til Akureyrar sem gott fordæmi um snjómokstur sem vel er haldið á spöðunum. Þar er oft mun meiri snjóþungi en í Hafnarfirði en þar er þó nánast alltaf vel mokað þegar færi er á.

Fleira var ekki gert

Fundi slitið 16:46